

Alþingi
Erindi nr. P 136/1562
komudagur 30.4.2009

NASDAQ OMXSM

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 30. apríl 2009
Tilvísun 111
ÁSK

Efni: Umsögn um tillögu til þingsályktunar um hlutafélög með gagnsætt eignarhald og bann við lánveitingum og krosseignarhaldi, 375. mál.

Vísað er til bréfs viðskiptanefndar Alþingis, dags. 14. apríl sl. þar sem óskað er umsagnar NASDAQ OMX Iceland hf. (Kauphöllin) um tillögu til þingsályktunar um hlutafélög með gagnsætt eignarhald og bann við lánveitingum og krosseignarhaldi, 375. mál.

Kauphöllin telur að aukið gagnsæi í rekstri hlutafélaga geti stutt við endurreisn íslensks viðskiptalífs. Hún álitur jafnframt rétt að skilgreina mælikvarða í þessu sambandi sem hlutafélög geta stuðst við. Það er hins vegar álitamál hvort setning laga um gagnsæ hlutafélög sé heppilegasta leiðin við að ná fram því markmiði að auka gagnsæi meðal íslenskra fyrirtækja. Aðrar leiðir eru færar í þessum efnum. Til að mynda geta þau félög sem það kjósa sett sér reglur um gagnsæi. Einnig gæti Viðskiptaráð haldið utan um og birt lista fyrirtækja sem fylgja ákveðnum reglum um gagnsæi. Þannig gætu félög sem hyggjast hafa gagnsæi að leiðarljósi fengið ákveðinn gæðastimpil.

Virðingarfyllt,

Árnína Steinunn Kristjánsdóttir,
lögfræðingur.